

## Fyrirspurn

til efnahags- og viðskiptaráðherra um yfirtöku fjármálafyrirtækja á atvinnustarfsemi.

Frá Bjarna Benediktssyni.

1. Hversu margar tilkynningar hafa borist til Fjármálaeftirlitsins um yfirtöku fjármálafyrirtækja á atvinnustarfsemi, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga um fjármálafyrirtæki? Svar óskast sundurliðað eftir einstökum mánuðum.
2. Hver hefur stærð yfirtekinna eignarhluta verið, að meðaltali, í heild og eftir einstökum mánuðum?
3. Hver er skipting umræddra tilkynninga eftir atvinnugreinum, sbr. flokkun Hagstofunnar?
4. Hefur Fjármálaeftirlitið talið að einhverjar tilkynningar uppfylltu ekki skilyrði 1. málsli. 1. mgr. 22. gr. laga um fjármálafyrirtæki og ef svo er, hvað margar?
5. Hefur verið birt opinberlega hvaða fjármálafyrirtæki hafa sent inn tilkynningu og varðandi hvaða fyrirtæki? Ef svo er ekki, hverjar eru ástæður þess að nýta ekki 9. gr. a í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi?
6. Í hve mörgum tilvikum er liðinn 12 mánaða tímafrestur skv. 1. mgr. 22. gr. laga um fjármálafyrirtæki?
7. Í hve mörgum tilvikum hefur tímafrestur verið framlengdur og þá til hve langs tíma? Svar óskast sundurliðað eftir fjölda mánaða framlengingar.
8. Hafa verið sett skilyrði vegna slíkrar framlengingar, svo sem varðandi sölutilraunir?
9. Hefur keppinautum slíkra fyrirtækja verið gefinn kostur á að tjá sig um fyrirhugaða framlengingu?
10. Hafa ákvarðanir um framlengingu verið birtar, sbr. 9. gr. a í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi?
11. Hafa fyrirtæki, yfirtekin af fjármálafyrirtækjum, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga um fjármálafyrirtæki, birt upplýsingar í samræmi við VII. og VIII. kafla laga um verðbréfavíðskipti? Í hve mörgum tilvikum hefur það ekki verið gert og hverjar hafa afleiðingar þess verið?

**Skriflegt svar óskast.**